

Ed.

87. Frumvarp til laga

[52. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Flm.: Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

1. máls. 2. málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Ef í hlut eiga sjúkrahús, er ráðherra viðurkennir sem fjórðungssjúkrahús, eitt á Vesturlandi, annað á Vestfjörðum, þriðja á Norðurlandi, fjórða á Austurlandi og fimmta á Suðurlandsundirlöndinu, greiðir ríkissjóður allt að þrem fimmtu byggingarkostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum um sjúkrahús er nokkur munur gerður á um framlag ríkissjóðs, hvort heldur er til byggingar eða rekstrar hinna ýmsu sjúkrahúsa í landinu. Fer þar að mestu eftir stærð eða fjölda sjúkrarúma viðkomandi sjúkrahúss. Þá eru í sérflokki svokölluð fjórðungssjúkrahús, en þau eru alls þrjú starfandi: eitt á Austurlandi, annað á Norðurlandi og þriðja á Vestfjörðum. Auk þess hefur ráðherra heimild til þess að viðurkenna eitt slíkt sjúkrahús á Suðurlandsundirlöndinu.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að ráðherra veitist einnig heimild til þess að viðurkenna til viðbótar því, sem núgildandi lög ákveða, eitt fjórðungssjúkrahús á Vesturlandi. Er þar af flutningsmönnum sérstaklega haft í huga sjúkrahúsið á Akranesi, sem rekið er af Akraneskaupstað. Það sjúkrahús nýtur mikils trausts hjá almenningi, hefur á að skipa úrvals læknum og hjúkrunarfólki, og er aðsókn að því mjög mikil hvaðanæva úr öllum byggðum Vesturlands.

Rekstrarafkoma sjúkrahússins á Akranesi er hins vegar mjög erfið og þungur baggi á bæjarfélaginu. Það er því eðlilegt, þegar tillit er tekið til þess, hversu víðtæka þjónusta það veitir og tekur á móti sjúklingum af stóru svæði, að það verði viðurkennt sem fjórðungssjúkrahús og njóti þess styrks úr ríkissjóði, sem þá er ákveðinn.

Í sjúkrahúsinu eru nú 38 sjúkrarúm, og voru legudagar sjúklinga á síðastliðnu ári 13488. Ber það því glöggvitni, hversu stöðug aðsókn er að sjúkrahúsinu.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum bæjarstjórnar Akraness.